

Nd.

304. Nefndarálit

[14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út í ágúst s.l., og fjalla þau um framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla til að auka fjölbreytni þeirra námsleiða, sem ungmenni eiga vól á.

Lögnum var hvarvetna vel tekið, og eru nú starfandi framhaldsdeildir á 5 stöðum á landinu með samtals 180 nemendum. Deildirnar eru þessar: í Reykjavík 120 nemendur, á Akranesi 15 nemendur, á Ísafirði 14 nemendur, á Akureyri 17 nemendur og í Neskaupstað 14 nemendur. Námið skiptist í kjarna og kjörsvið, en hið síðara nemur sex stundum á viku. Kjörsviðin eru fjögur: uppeldiskjörsvið 30 nemendur, hjúkrunarkjörsvið 23 nemendur, tæknikjörsvið 62 nemendur og viðskiptakjörsvið 69 nemendur.

Nú eru starfandi tvær nefndir, er fjalla önnur um námsefni deildanna, en hin um réttindastöðu nemenda með tilliti til inngöngu í aðra skóla.

Eitt deiluefni hefur þó komið upp varðandi framhaldsdeildirnar. Það er skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Hefur Samband íslenskra sveitarfélaga haldið fram þeirri skoðun, að hér sé um að ræða framhaldsnám, sem ríkinu beri að kosta að öllu leyti.

Ljóst er, að eftir 1—2 ár verður að endurskoða lögín um skólakostnað. Þá verður og fengin nokkur reynsla af hinum nýju framhaldsdeildum. Verður að treysta því, að greiðsla kostnaðar við framhaldsdeildirnar komi þá til athugunar og endurskoðunar. Einnig koma deildirnar án efa við sögu í sambandi við endurskoðun fræðslulöggjafarinnar, sem nú stendur yfir og væntanlega lýkur fyrri hluta þessa árs.

Í trausti þess, að kostnaðarákvæði laganna verði athuguð frekar og þess freistað að ná samkomulagi við sveitarfélögin um það mál, mælir meiri hluti menntamálanefndar með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Þrír nefndarmenn (SE, EystJ og MK) eru samþykkir frv., en áskilja sér rétt til að flytja breytingartill. um greiðslu kostnaðar við deildirnar.

Alþingi, 29. janúar 1970.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson.
Gunnar Gíslason.	Eysteinn Jónsson.	Sigurvin Einarsson. Birgir Kjaran.